

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur fellt úr gildi ákvörðun Fiskistofu frá 9. janúar 2019 að synja EFSA Íslandi um vilyrði fyrir skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum árið 2019. Þetta þýðir að okkur er heimilt að veiða í sumar. Ákveðið hefur verið að halda Íslandsmeistaramót EFSA Íslands í bátakeppni laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. júní nk. frá Ólafsvík og hefst mótið með mótssetningu kl. 20:00 föstudaginn 14. júní nk. Bátakeppnin er stigamót þar sem keppt er til Íslandsmeistara EFSA Ísland 2019. Keppt verður eftir keppnisreglum í bátakeppni 2019. Áhersla verður lögð á að veiða þorsk, en aðrar tegundir telja einnig til stiga.

Dagskrá:

Föstudagur 14. júní Mótssetning

kl. 20:00 Mótsgögn afhent.

Laugardagur 15. júní Íslandsmeistaramót (bátakeppni)

kl. 06:30 Keppendur mæta á bryggju.

kl. 07:00 Lagt úr höfn.

kl. 08:00 Veiðar hefjast.

kl. 14:00 Veiðum hætt.

kl. 16:00 Bátar skulu vera komnir að bryggju.

Sunnudagur 16. júní Íslandsmeistaramót (bátakeppni)

kl. 06:30 Keppendur mæta á bryggju.

kl. 07:00 Lagt úr höfn.

kl. 08:00 Veiðar hefjast.

kl. 14:00 Veiðum hætt.

kl. 16:00 Bátar skulu vera komnir að bryggju.

kl. 20:00 Verðlaunaafhending.

kl. 21:00 Lokahóf.

Skráning hjá Póri Sveinssyni sími 896 3157/netfang: thosve@snerpa.is eða hjá Helga Bergssyni sími 867 3601/netfang: salo@simnet.is. Skráningarfrestur er til kl:18:00 miðvikudaginn 12. júní 2019.

Stigagjöf. Allir fiskar telja til stiga. Þorskur 0-55 cm. gefur 3 stig, þorskur 56-75 cm. 7 stig, þorskur 76 cm. og stærri 12 stig. Allir aðrir fiskar gefa 3 stig og gefin eru 15 stig fyrir hverja tegund.